

- 97 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 64, 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kaupþína og sjávarþorpa, gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. ágúst 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

- 98
12. ágúst

AUGLÝSING

um austurrísk vegabréf.

Með tilvísun til auglýsingar dómsmálaráðuneytisins frá 1. júní 1937, sem sett var samkv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum frá 24. maí 1937, er hér með ákveðið, að menn með austurrísk vegabréf þurfi eftir 1. september 1938 að fá staðfestingaráritun (visum) á vegabréf sín, ef þeir ætla að ferðast til Íslands.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. ágúst 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

- 99
12. ágúst

REGLUGERÐ

um biskupskosningu.

1. gr.

Þegar biskupsembætti þjóðkirkjunnar losnar, skal kirkjumálaráðherra sjá um, að biskupskosning fari fram innan þriggja mánaða frá því embættið losnaði.

2. gr.

Kosningarrétt hafa allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, guðfræðikennarar Háskólans, svo og hinn fráfarandi biskup, gegni hann enn embætti, þegar kosning fer fram. Enginn getur þó farið með meir en eitt atkvæði, enda þótt hann gegni fleiri embættum.

Kjörgengir eru allir þeir, sem rétt hafa til embætta í þjóðkirkjunni.

3. gr.

Undirbúning og framkvæmd kosningarinnar skal kirkjumálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé skrifstofustjóra í kirkjumálaráðuneytinu sem formanni, einum manni tilnefndum af stjórn Prestafélags Íslands og einum manni tilnefndum af kirkjumálaráðherra. Kjörstjórn þessi sé skipuð svo fljótt sem því verður við komið, þegar biskupskosning á fram að fara.

Nú vanrækir stjórn Prestafélags Íslands að tilnefna mann í kjörstjórnina innan þess tíma, er ráðherra ákveður, og skal þá ráðherra tilnefna manninn.

4. gr.

Jafnskjótt og kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla og senda þegar einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem kosningarrétt hefir, og skal hún um leið tilkynna hverjum þeirra hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hennar hendur aftur. Kjörseðlar skulu sendast milli kjósanda og kjörstjórnar í ábyrgðarpósti.

Kosningin skal vera leynileg, og skal kjörseðill þannig gerður:

99

Kjörseðill og fylgibréf skulu vera samföst á einu blaði, en aðgreind með riflínu. Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum pappír og svo þykkum, að skrift sjáist ekki í gegnum hann þó að borið sé upp við birtu. Kjörseðillinn skal vera brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að loka megi honum sem spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu vera aðgreindir frá sjálfum kjörseðlinum með riflínu, svo auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn.

12. ágúst

5. gr.

Á kjörseðli skulu prentaðar þrjár punktalínur, hver niður af annari, og skulu þær merktar með tölustöfum 1, 2 og 3. Skal hver kjósandi rita í línur þessar nöfn þeirra þriggja manna, er hann vill tilnefna sem biskupsefni; hafi kjósandi tilnefnt fleiri menn en þrjá eða færri en þrjá, er atkvæði hans í heild sinni ógilt.

Á fylgibréfið ritar kjósandi nafn sitt og heimilisfang.

Sá, sem tilnefndur er fyrstur á löglegum kjörseðli, telst hafa fengið heilt atkvæði, sá, sem tilnefndur er annar, tvo þriðju atkvæðis, og sá, sem tilnefndur er þriðji, einn þriðja hluta atkvæðis.

6. gr.

Talningu skal haga þannig, að kjörstjórnin opnar umslögin og rannsakar, hvort kjósandinn samkvæmt fylgibréfinu hafi kosningarrétt og hvort löglega sé kosið. Nú telur kjörstjórn kosninguna gilda, og rifur hún þá atkvæðaseðilinn frá fylgibréfinu og lætur hann í venjulegan kjörkassa.

Þegar öll kjörbréfin, sem borizt hafa til kjörstjórnar, hafa þannig verið athuguð, og atkvæðaseðlarnir látnir í kjörkassa, þá skal hann hristur svo seðlarnir blandist vel saman og síðan opnaður og atkvæðin talin.

Verði ágreiningur innan kjörstjórnarinnar um það, hvort atkvæðaseðill skuli talinn gildur, eða um annað, er lýtur að framkvæmd kosningarinnar, þá skal afl atkvæða ráða úrslitum.

7. gr.

Jafnskjótt og talning hefir farið fram, skal kjörstjórn tilkynna kirkjumálaráðherra úrslit kosningarinnar. Hafi aðeins einn þeirra manna, sem tilnefndir hafa verið, hlotið $\frac{3}{5}$ greiddra atkvæða, er hann rétt kjörinn biskup. Hafi fleiri menn hlotið svo hátt atkvæðamagn, er sá þeirra rétt kjörinn, er flest atkvæði hlaut. Hafi fleiri menn hlotið $\frac{3}{5}$ greiddra atkvæða og séu atkvæði þeirra jöfn, skal embættið veitt þeim þeirra, sem kirkjustjórnin telur bezt til þess fallinn. Hafi enginn þeirra manna, er tilnefndir hafa verið, hlotið $\frac{3}{5}$ greiddra atkvæða, skal embættið veitt þeim þeirra þriggja, sem flest atkvæði fengu, en kirkjustjórnin telur bezt til þess fallinn.

8. gr.

Nú vill kjósandi kæra yfir framkvæmd kosningar, og skal kæra hans þá komin til kjörstjórnar innan 14 daga frá talningu atkvæða. Kjörstjórn úrskurðar kærana og ræður afl atkvæða úrslitum, ef ágreiningur verður innan kjörstjórnar. Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til kirkjumálaráðherra innan 14 daga frá því, að hann var uppkveðinn.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. ágúst 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.